

28. október 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tryggingagjald, 89. mál, viðbótarlífeyrissparnaður.

Í greindu frumvarpi er lagt til að niður falli mótframlag ríkissjóðs sem nemur 10% af framlagi launamanns til viðbótarlífeyrissparnaðar allt að 0,4% af launum. Framlagið var leitt í lög á haustþingi árið 1998, þá allt að 0,2%, og hækkað á vorþingi 2000 í allt að 0,4%. Í frumvarpinu frá 1998 segir m.a.: „Tilgangur þessara breytinga er m.a. að auka þjóðhagslegan sparnað. Einnig er æskilegt að lífeyrissparnaður aukist frá því sem nú er til að menn eigi almennt rétt á lífeyri sem er í æskilegu hlutfalli við þau laun sem þeir hafa haft yfir starfsævina.”

Vegna hlutar ríkisvaldsins í almannatryggingum er ljóst að ríkið og skattgreiðendur eiga talsvert undir því að fólk hafi við starfslok byggt upp nægan sparnað til að sjá fyrir sér í ellinni. Viðbótarframlag við lífeyrissparnað sem nemur 10% er þó nokkur hvati til sparnaðar í því formi og samsvarar 0,3-0,5% í árlegri ávöxtun ef 20-30 ár eru að meðaltali til lífeyristöku. Það eykur þó ekki heildarsparnað ef lífeyrissparnaðurinn kemur í stað annars sparnaðar, hvort sem er í formi innlánsreikninga, skuldabréfa, hlutabréfa eða niðurgreiðslu skulda. Ætla má að slík staðkvæmd sé fyrir hendi í talsverðum mæli. Heildarsparnaður eykst þó svo lengi sem staðkvæmdin er ekki fullkomin.

Mikil aukning hefur orðið á framlögum í lífeyrissjóði umfram skylduframlög síðan 1998, m.a. með samningum á vinnumarkaði um mót

framlög vinnuveitenda sem bundin eru framlagi launþega. Aukning iðgjaldagreiðslna bendir til þess að náðst hafi kynningarmarkmið sem viðbótarframlaginu var að hluta beint að. Einnig má á það benda að afnám þessa framlags nú er um margt hliðstætt afnámi frádráttar frá tekjuskatti vegna fjárfestingar í atvinnulífinu, sem féll niður í árslok 2002. Seðlabankinn leggst því ekki gegn þeim breytingum sem felast í frumvarpinu.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Jón Sigurðsson
bankastjóri